



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts - 4.7.2017 kl. 18:00

Mætt:

Ragnar Róbertsson (RR), Torfi Arnarson (TA), Einar Gunnlaugsson (EG), Baldvin Hansson (BH), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS)

Fjarverandi:

Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Garðar Þór Garðarsson (GPÞG)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Bréf frá Laganefnd ÍSÍ

Formanni og framkvæmdastjóra AKÍS hefur verið sagt að það sé bréf á leiðinni til okkar frá Laganefnd ÍSÍ, vegna dómsstiga hjá AKÍS. Bréfið verður tekið fyrir þegar það berst.

2. Stig í fyrstu umferð götuspyrnu

Máli frestað á stjórnarfundum 20. júní 2017.

Þegar spyrnan var haldin voru hraðatakmarkanir í endamarki settar við 160km/klst. Á keppninni voru hraðasellur í endamarki ekki í lagi. Þannig er ekki hægt að sýna fram á, svo óyggjandi sé, á hvaða endahraða keppendur voru. Óyggjandi eru hins vegar mætingarstig.

Tillaga 1: Keppni verði felld niður. (Tillaga felld)

Tillaga 2: EG leggur til að úrslit keppni standi en BA verði fremur refsað fyrir það að hafa ekki búnaðinn í lagi. (Tillaga felld)

Tillaga 3: Akstur verði ekki til stiga, aðeins mæting - Tillaga samþykkt.

3. Aldur í akstursípróttum

Máli frestað á stjórnarfundum 20. júní 2017. Samþykkt með fyrirvara um að tillaga gæti komið frá keppnisráði í drifti.

https://docs.google.com/document/d/1RP7lu22KM-ODE6N_U6_W8TG_rSExTfeKdn371VRm8i0/edit?usp=sharing

4. Umsagnargjald vegna 2. umferðar rallycross

AÍFS heldur því fram að það eigi ekki að greiða umsagnargjald vegna 2. umferðar í rallycrossi, sem þeir héldu á brautinni hjá AÍH, þar sem AÍH hafi þá þegar greitt það. Er ekki umsagnargjald sem AÍH greiddi vegna keppna á brautinni fyrir keppnir á þeirra vegum, ekki annarra?

Samþykkt með einu mótatkvæði að gjaldið verði ekki endurgreitt.

5. Heimsmeistarakeppni í drift í Japan í haust

Eigum við að senda keppanda á heimsmeistaramótið í drift dagana 30. sept og 1. okt í Tokyo, Japan?

Málið rætt og ákveðið að taka ekki þátt í þessu að svo stöddu máli.

6. PlaySeat tilboð FIA

Aðildarfélagum FIA gefst kostur á að kaupa PlaySeat sæti þar sem eini hluturinn sem vantar er leikurinn.

Kostnaður við svona sæti er EUR2550, sem er nálægt 300þús íslenskar.

Nánari upplýsingar verða sendar á formenn félaga þegar þær berast.

7. FIA Cross Country Rally Championship

FIA Rally Commission er að fara að breyta Cross Country Rally keppnum sínum þannig að það verður keppt í "Baja" og síðan í því sem við þekkjum sem jepparall, frá og með 2019.

Kvaðir varðandi svona keppnishald eru talsverðar. TMÞ sendir nánari upplýsingar á stjórn.

8. FIA eRally Championship

Hér er um að ræða það sem áður var þekkt sem heimsmeistarakeppnin í sparakstri (Alternative Energies Cup). Þeir hafa verið að breyta þessu og á nú að aka aðeins á rafmagnsbílum. AKÍS stendur til boða að sækja um eina umferð af þessari keppni á næsta ári.

Kvaðir eru aðgengilegar. Venjulegir rafmagnsbílar í almennri umferð og löglegum hraða auk þess sem umgjörð er öll minni.

Samþykkt að skoða nánar.

9. Haustfundur FIA-NEZ / NEZ Regional Sport Conference

27. til 29. október 2017 í Stokkhólmi. Dagskrá FIA hlutar liggur ekki fyrir fyrr en í lok ágúst næstkomandi, en búist er við að sá hluti verði föstudaginn 27.

10. Önnur mál

Bíladagar - EG kvartar yfir því að talað var við kostunaraðila um mögulega niðurfellingu keppni í götuspyrnu.

Mótakerfið - Eitthvað er um að keppendur eru rukkaðir aftur um árgjald keppnistryggingar. Það þarf að leysa handvirkt fyrir hvern og einn.

11. Næsti fundur

18. júlí 2017 - Google Hangouts kl. 18:00